



Sveitarstjórn Hvolhrepps
860 HVOLSVELLI

TILV. RÁÐUNEYTIS

DAGS.

SAMDYKKT

um

hundahald í Hvolsvallarkauptúni

1. gr.

Hundahald á Hvolsvelli sáti þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í kaптúninu, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður og heilbrigðisráðherra staðfestir í sérstakri gjaldskrá fyrir eitt ár í senn, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaптúninu og skal upphæð þess við það miðuð.
- c. Skyld er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við árlega greiðslu leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir, eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa kaптúnsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um kaптúnið fara til óþæginda.

- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ.á.m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds, skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út, gegn alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum, eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hvolhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðis- eftirlit nr. 109/1984, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

24. júní 1985.

F. h. r.

F. h. r.

Dr. Magnús Þórisson

